

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 13. ágúst 2025:

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Tillaga um gatnamót Höfðabakka og Bæjarháls

Lagt er til að hætt verði við að fjarlægja tvo beygjuvasa (hægribeygju-framhjáhlaup) við gatnamót Höfðabakka og Bæjarháls í ljósi þess að framkvæmdin mun draga úr umferðarflæði og valda verulegum töfum á umferð um viðkomandi götur, ekki síst til og frá Árbæjarhverfi.

Greinargerð

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 26. marz sl. heimild til verkhönnunar og gerðar útboðsgana vegna endurhönnunar á Höfðabakka. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins studdu heils hugar þann hluta verksins, sem fól í sér almennar úrbætur á umferð. Þar á meðal endurnýjun umferðarljósabúnaðar á fimm gatnamótum á Höfðabakka og bætta gatnalýsingu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust hins vegar eindregið gegn því að tveir beygjuvasar (hægribeygju-framhjáhlaup) yrðu fjarlægðir við gatnamót Höfðabakka og Bæjarháls. Bentu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins á að slík breyting myndi að öllum líkindum draga úr umferðarflæði og valda töfum á umferð til og frá Árbæjarhverfi.

Framkvæmdir standa nú yfir við að fjarlægja umrædda beygjuvasa og þrengja þannig gatnamótin. Þegar á framkvæmdatímanum hefur lokun beygjuvasanna aukið umferðartafir gífurlega á gatnamótunum og leitt til umferðaröngþveitis á annatímum.

Ljóst er orðið að lokun beygjuvasanna hefur mjög neikvæð áhrif á gatnakerfið á svæðinu. Umrædd gatnamót og Höfðabakkinn í heild gegna mikilvægu hlutverki fyrir Árbæjarhverfi og Ártúnsholt en einnig fyrir Breiðholt, Grafarvog og fleiri hverfi. Óheillavænlegt er að raska núverandi umferðarskipulagi á gatnamótunum þegar augljóst er að það mun hafa stóruauknar umferðartafir í för með sér. Ákjósanlegt er því að hverfa frá þrengingu gatnamótanna og láta umrædda beygjuvasa halda sér þar.

Breytingin getur einnig haft neikvæð áhrif á viðbragðstíma sjúkra- og slökkvibífreiða. En slökkvistöð er við Tunguháls, skammt frá gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls sem nú á að þrengja.